

Nr. 13.
17.
marz.

Tilskipun,

er

ákveður, að hinir fyrri silfurpeningar, sem enn eru í gildi, verði eigi hafðir sem gjaldgengir peningar frá 1. október 1876.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því fjárhagsráðgjafi Vor þegnlega hefir borið upp fyrir Oss, að búið sje að slá svo mikið af smápeningum samkvæmt peningalögunum 23. maí 1873, að tiltækilegt sje, að kalla inn hina fyrri silfurpeninga, sem enn eru í gildi, bjóðum Vjer og skipum fyrir samkvæmt 22. gr. í tjeðum peningalögum.

Frá 1. október 1876, að þeim degi með töldum, skulu spesíumyntir þær, sem getið er í tilsk. 31. júlí 1818, 6. gr., $\frac{2}{3}$, $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{3}$ úr spesíu — að undan tekinni hinni schleswig-holsteinsku spesíumynt, sem kölluð er inn með lögum 21. desbr. 1874 — eigi framar vera gjaldgengar, hvorki í gjöldum til ríkissjóðsins nje manna á milli; hið sama er einnig um allar spesíur, spesíudali, ríkisbánskadali, tveggjaríkisdala-peninga, ríkisdali og hálfa ríkisdali, sem slegnir eru samkvæmt seinni auglýsingum.

Á Íslandi og Færeyjum skulu samt peningar þessir vera gjaldgengir þangað til 6 mánuðir eru liðnir fra þeim degi, að tilskipun þessi þar er birt almenningi á venju-
legan hátt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 17. dag marzm. 1876.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Estrup.

Anordning,

hvorefter

den endnu gjældende ældre Sølvmonnt fra 1ste Oktober 1876 ophører
at være lovligt Betalingsmiddel.

Nr. 13.
17de
Marts.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Da Vor Finansminister allerunderdanigst har foredraget for Os, at Udmøntningen af Skillemønt efter Møntloven af 23de Mai 1873 er saa vidt fremskreden, at det er tilraadeligt at indkalde den endnu gjældende ældre Sølvmonnt, byde og befale Vi herved i Henhold til samme Møntlovs § 22:

Fra og med den 1ste Oktober 1876 ophøre de i Forordningen af 31te Juli 1818 § 6 nævnte Species, $\frac{2}{3}$, $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{3}$ Species — herfra dog undtaget den ved Lov af 21de December 1874 indkaldte schleswig-holsteinske Speciesmonnt — samt alle i Henhold til senere Bekjendtgjørelser udprægede Species, Speciesdalere, Rigsbankdalere, Dobbelttrigsdalere, Rigsdalere og Halve-Rigsdalere at være lovligt Betalingsmiddel saavel til Statskassen som mellem Mand og Mand.

Paa Island og Færøerne skulle dog disse Monter vedblive at være lovligt Betalingsmiddel indtil 6 Maaneders Dagen efter at denne Anordning der er bleven bragt til almindelig Kundskab paa sædvanlig Maade.

Hvorefter alle Bedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 17de Marts 1876.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Estrup.